

Nýsköpunarmiðja í Reykjanesbæ



Undanfarin ár hefur verið mikil þensla í atvinnulífi svæðisins. Þekkt er að ein afleiðing þenslu sé að nýsköpun dragist saman.

Frá því Eldey lokaði í árslok 2016 hefur vantað formlegt umhverfi fyrir nýsköpun í bæjarfélaginu.

Þjónusta við frumkvöðla er á höndum nokkurra aðila:

- Sveitarfélögin – frumkvöðlar setja sig oft í samband við sitt sveitarfélag og leita eftir fyrirgreiðslu, yfirleitt tengt skipulagsmálum eða vonum um góð kjör á einn eða annan hátt.
- Heklan - Handleiðsla og tenging við NMÍ.
- MSS – námskeið tengd nýsköpun og góðar tengingar við atvinnuleitendur.
- Vinnuálastofnun – ýmsar leiðir til að styðja við atvinnuleitendur í nýsköpun – sérstaklega í gegnum Frumkvæði.
- Eignarhaldssjóður Suðurnesja – styrkir og fjárfestingar í frumkvöðlafyrirtækjum.
- NMÍ – íbúar í Reykjanesbæ eins og aðrir landsmenn eru skjólstæðingar miðstöðvarinnar.
- Keilir hefur lengi haft góð tengsl við frumkvöðla og hefur vilja til að þjónusta þá.

Vandamálið er að frumkvöðull sem leitar aðstoðar við að koma hugmynd sinni í framkvæmd getur borið niður á hvern sem er af þessum aðilum. Það er hins vegar mismunandi hvert hann verður sendur og hvort það sé eftirfylgni með framþróun hans.

Þar sem eiginleg ábyrgð á því að viðhalda og styrkja nýsköpun í sveitarfélaginu hlýtur að hvíla á því sjálfu er mikilvægt að einfalda þetta umhverfi og koma upp skýrri mynd af því hvert frumkvöðlar eiga að snúa sér og tryggja að þeir fái þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda.

Markmið:

Að í sveitarfélaginu verði öflugt nýsköpunarstarf með kjarna (hvort sem hann er raunverulegur eða huglægur) þar sem eigi sér stað dýnamísk vinna í nýsköpunarverkefnum sem hafi eflandi áhrif á frekari nýsköpun.

Lykilatriði er að skapa þá stemningu að nýsköpun njóti stuðnings, sé eftirsótt og að litið sé til frumkvöðla sem mikilvægra aðila í samfélaginu, jafnvel þó þeim mistakist. Að einstaklingur eða fyrirtæki í nýsköpunarhug viti hvert eigi að snúa sér og upplifi sig sem hluta af skapandi umhverfi.

Þessu fylgja að sjálfsögðu **áskoranir**:

- Samkeppni um frumkvöðla, bæði innan svæðis sem út fyrir það.
- Skortur á frumkvöðlum
- Skortur á fjármagni
- Skortur á samstarfi

Fyrstu skref:

- Kortleggja nýsköpunarumhverfið gagnvart fyrirtækjum og frumkvöðlum í Reykjanesbæ.
- Tryggja sameiginlega þekkingu á því meðal þeirra aðila sem þjónusta frumkvöðla.
- Skapa samstarfsvettvang þessara aðila og gera samkomulag um samstarf.
- Greina hvar mögulega séu göp sem þurfi að fylla uppí og hvernig/hver geri það (flow chart).
- Finna leiðir til þess að fá fjármagn í nýsköpun á svæðinu. Þau verkfæri sem NMÍ bjóði uppá séu í boði í nærumhverfinu, í það minnsta með reglulegu millibili.
- Fá þau frumkvöðlafyrirtæki sem fyrir eru til þess að leggja umhverfinu lið með nærveru sinni og ráðgjöf.
- Hvetja fréttu miðla til þess að fjalla um nýsköpun á svæðinu.
- Ef hægt er, koma upp formlegu frumkvöðlasetri þar sem hægt verður að halda úti aðstöðu fyrir frumkvöðla sem og þá sem þjónusta þá. Mögulega væri hægt að nýta skapandi umhverfi innan veggja Keilis til að skapa þessa aðstöðu.
- Ef ekki, skilgreina hvert eigi að vera fyrsta stopp frumkvöðla/skapa samstöðu um að Heklan sé fyrsta stopp frumkvöðla.